

Forsætisnefnd

Fjárframlög til stjórnmalasamtaka í borgarstjórn árið 2019.

Skrifstofa borgarstjórnar hefur undirbúið útgreiðslu fjárframlags Reykjavíkurborgar til þeirra stjórnmalasamtaka sem fulltrúa eiga í borgarstjórn til samræmis við ákvæði laga nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra. Fulltrúar í forsætisnefnd og/eða formenn borgarstjórnarflokka bera ábyrgð á því að rétt gögn berist skrifstofunni. Skrifstofu borgarstjórnar þarf að berast bæði reikningur og erindi frá flokknum, sem er undirritað af formanni borgarstjórnarflokks og starfsmanni stjórnmalasamtakanna. Til hægðarauka hefur verið útbúið eyðublað til útfyllingar og undirritunar sem unnt er að nýta sér.

Í samræmi við ákvæði 5. gr. laganna er fjárhæðinni, sem ákvörðuð var í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2019 skipt í samræmi við hlutfall atkvæðamagns þeirra stjórnmalasamtaka sem rétt eiga á framlagi.

Það verður að gera ráð fyrir ca. 10 - 15 daga afgreiðslutíma eftir að öll gögn berast skrifstofu borgarstjórnar og til að tryggja hraða og örugga afgreiðslu er vakin athygli á eftirfarandi:

1. Erindið þarf að vera undirritað af bæði formanni eða oddvita borgarstjórnarflokks og gjaldkera/starfsmanni.
2. Reikningur þarf að fylgja erindinu.
3. Bankareikningur þarf að vera á nafni stjórnmalasamtakanna.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:
Útreikningur á skiptingu í samræmi við hlutfall atkvæðamagns.
Beiðni um útgreiðslu - eyðublað